49.tbl.
20. des 2023
30.árg.

# Hlaupastelpan

## *Gleðileg jól!*



*Hlaupastelpan óskar lesendum og auglýsendum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar og friðar á nýju ári.*

*Þakka góð samskipti liðinna ára .*

*Guð veri með ykkur öllum þessa hátíð.*

*Hugsum til þeirra er eiga erfitt og bágt á þessum tímum.*

Hlaupastelpan kemur næst út þann

10. janúar 2024

# Brúarkvöld

**Flökkufólk**

Fimmtudaginn 28. desember, kl. 14:00 í Ýdölum verður síðasta brúarkvöld ársins.
Þar mun Yngvi Leifsson sagnfræðingur segja frá ævi flökkukonunnar Ingiríðar Eiríksdóttur frá Haga í Aðaldal og fjalla um aðstæður flökku- og lausafólks í íslensku samfélagi um aldamótin 1800, um ástæður ferða þeirra, baráttu við náttúruöflin og um lög sem sett voru þeim til höfuðs.

Brúarkvöld er röð samverustunda þar sem fræðimenn, nemar og heimamenn kynna störf sín s.s. rannsóknir, gagnaöflun og skrif og er vettvangur til að kynna ýmis verkefni sem unnin eru hér á svæðinu. Brúarkvöld eru styrkt af SSNE.

**Sjáumst sem flest!!!**

## Félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit

### Stórutjarnaskóli - Þingeyjarskóli

Opin hús verða á þriðjudögum eins og verið hefur
til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla.
**Fyrsta samvera eftir áramót verður í Stórutjarnaskóla 9. janúar.**
Hádegismatur er í boði kl. 12:30 í Stórutjarnaskóla (464 3222)
og kl. 13 í Þingeyjarskóla (464 3583).
Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund.
Boccia hefst kl. 11:30 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar,
og mun Ási S. stjórna af alkunnri snilld.

### Hlíðavegur Mývatnssveit

Opin hús verða á fimmtudögum eins og verið hefur og verður
**fyrsta samvera eftir áramót á Hlíðavegi 11. janúar.**
Byrjað er á leikfimi hjá Ástu Price í ÍMS kl. 12, matur er í boði kl. 12:45
í Reykjahlíðarskóla og síðan hefst samvera kl. 13 á Hlíðavegi.
Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á
miðvikudeginum fyrir samverustund hjá Eydísi í síma 847 6320.

Hádegismatur eldri borgara á öllum starfsstöðvum kostar 832 kr. á mann
og verður innheimtur með greiðsluseðli á u.þ.b. 3 mánaða fresti.

Félagsstarfið er í boði fyrir 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit
og eru allir hvattir til að mæta.

Minnum á facebook síðu okkar sem heitir
,,Opið hús - samvera aldraðra í Þingeyjarsveit”
en þar setjum við inn ýmsar upplýsingar.

***Við umsjónarkonur óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári,
með kærri þökk fyrir samveruna á árinu sem er að líða.
Sjáumst hress og kát á nýju ári.
Eydís, Hanna Magga og Svana***



# Jólaball

**Kvenfélags Fnjóskdæla og Kvenfélags Ljósvetninga**
verður haldið í sal Stórutjarnaskóla föstudaginn 29. desember klukkan 14:00 -16:00.
Góðir gestir koma í heimsókn.
Verið hjartanlega velkomin.




# Jólaball

Kvenfélögin í
Aðaldal og Reykjadal
bjóða ykkur hjartanlega
velkomin á jólaball
Föstudaginn, 29. Desember
kl. 16:00- 18:00
í Félagsheimilinu að Breiðamýri

Jólasveinar - Kakó - Bakkelsi - Dans - Gleði


Hljómsveitin
Í góðu lagi...
Heldur JólaBALL í Hlyn
Fimmtudagskvöldið 28.
Desember n.k í samstarfi
við félag eldri borgara
Húsavíkur
Húsið opnar kl 20:30
barinn á sínum stað
Fjörið hefst kl 21:00
Elvar Braga
Siggi Tryggva
Erlingur
Daniel Máni
Aðeins 2 þús kall'inn

# Gleðilega hátíð & farsælt komandi ár

*Kveðja frá starfsfólki Vatnajökulsþjóðgarðs*



Vatnajökulsþjóðgarður
National park

unesco
World Heritage site

*Víti og Öskjuvatn*



Sendum öllum vinum og vandamönnum bestu jóla og nýárskveðjur,
með þökk fyrir allt gamalt og gott.

Örnólfur, Fríða, Dóróthea og Ólöf

---



Sendum  ættingjum og vinum nær og fjær
hugheilar jóla -og nýárskveðjur.
Þökkum vináttu og hlýhug gegnum árin.

Kærar jólakveðjur úr Öxará

Ellý,  Þórir, Dagný , Pétur Rósberg og Elvar Logi

---



Kæru vinir og sveitungar.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.
Þökk fyrir liðin ár.

Jólakveðja,

Tolla og Óli



*Jólakveðja*

*Sendum ættingjum og vinum okkar bestu jóla og nýjársóskir með þökk fyrir hlýhug og vináttu á liðnum árum.*

*Inga og Þórhallur frá Kambsstöðum*

---



*Kæru sveitungar, ættingjar og vinir*

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla*
*og farsældar á nýju ári.*
*Með kæru þakklæti fyrir hlýhug og kærleik á liðnu ári*

*Villi, Guðný og fjölskylda*

---



*Sendi ættingjum og vinum*
*Mínar bestu jóla-og nýárskveðjur*
*Með farsæld á nýju ári*

*Gígja , Stórutjörnum*

## *Jólakveðja*

*Ég óska ættingjum og vinum gleðilegra jóla , farsælt nýtt ár .*
*Þakka það liðna og þakka Hreimsmönnum fyrir að koma til mín.*

*Hlýjar kveðjur*
*Baldur í í Ystahvammi*

---

*Sendum ættingjum okkar og vinum*
*innilegar jóla og nýárskveðjur*

*Þökkum liðið*

*Halldór og Elínborg , Byrgisholti.*

---

# *Gleðileg jól*



*Sendi ykkur öllum mínu bestu óskir*
*um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.*

*Kærar kveðjur yfir hafið,*

*Álfhildur*



*Kæru sveitungar, ættingjar og vinir*

*Við sendum ykkur hugheilar óskir um gleðiríka*
*jólahátíð og farsæld á komandi ári*
*með kærri þökk fyrir liðna tíð. Systkinin frá*
*Lækjamóti*

*Siggi, Gerða, Tóta, Veiga og fjölskyldur.*

*Jarðböðin við Mývatn óska öllum gleðiríkrar hátíðar og heillaríks komandi árs. Við hlökkum til að skapa fleiri minningar með ykkur árið 2024.*

*-Opnunartími yfir hátíðarnar-*
*24. og 25. desember: 11:00-14:00*
*26. desember: 12:00-16:00*
*27.-30. desember: 12:00-20:00*
*31. desember: 11:00-14:00*
*1. janúar: Lokað*

JARÐBÖÐIN
VIÐ MÝVATN



*Sendi sveitungum mínum ættingjum og vinum*
*mínar bestu jóla- og nýjársóskir*

*með kærri þökk fyrir liðin ár.*

*Jólakveðja,*
*Kæja á Krossi*

## *Kæru sveitungar, ættingjar og vinir.*



*Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*
*Þökkum samstarf, samverustundir, stuðning og hlýjar kveðjur á líðandi ári.*
*Megi gæfa og gleði ávallt fylgja ykkur*

*Kærar kveðjur*
*Mýflug hf, Leifur og Gunna*



## *Kæru vinir og ættingjar*

*Bestu óskir um*
*gleðileg jól og farsælt komandi ár.*

*Kær kveðja*
*Guðríður á Veturliðastöðum*

## Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023-2043
## Kynning tillögu á vinnslustigi

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. nóvember s.l. að vinnslutillaga nýs aðalskipulags Þingeyjarsveitar skuli kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynning tillögunnar á vinnslustigi er einn mikilvægasti þátturinn í samráði við íbúa og aðra hagaðila vegna þess að tillagan er langt komin og hefur á sér heildarmynd, sem sýnir m.a. stefnu sveitarstjórnar hvað varðar landnotkun, þróun íbúðarbyggðar, búsetu og atvinnuþróunar í sveitarfélaginu til næstu 20 ára.

Sem íbúi sveitarfélagsins eða annars konar hagsmunaaðili, er mikilvægt að þú kynnir þér efnisatriði tillögunnar og kannir hvernig hún snertir þína hagsmuni og samfélagsins alls. Nú er tækifæri til að koma á framfæri ábendingum um það sem þú telur að betur megi fara í tillögunni. Vinnslutillagan samanstendur af greinargerð, umhverfisskýrslu og uppdráttum og byggir á afrakstri vinnu nefnda og sveitarstjórna fyrri sveitarfélaga og skipulagsnefndar nýrrar Þingeyjarsveitar, samráði við íbúa, landeigendur og aðra hagsmunaaðila.

Greinargerð, uppdrætti og umhverfisskýrslu er að finna á sérstöku vefsvæði hér: https://thing.alta.is/

Gögnin verða einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.thingeyjarsveit.is og skrifstofum sveitarfélagsins.

Kynningarfundir verða haldnir að Breiðumýri, Skjólbrekku og Stórutjarnarskóla 9. – 11. janúar, nánar auglýst síðar.

Frestur til að gera athugasemdir við vinnslutillöguna verður gefinn frá og með 20. desember til og með 22. janúar 2024. Athugasemdir við vinnslutillögu skulu berast skriflega til skipulagsfulltrúa, Kjarna, 650 Laugum eða á Skipulagsgatt.is undir mál 881/2023.

Skipulagsfulltrúi

# Stjórn Foreldrafélags skólanna í Mývatnssveit

**þakkar eftirfarandi styrktaraðilum kærlega fyrir veglega styrki til peysukaupa fyrir krakkana okkar.**
**Allir krakkarnir bæði í Leikskólanum Yl og Reykjahlíðarskóla eiga því núna eins peysur**

**Myvatn Nature Baths**
**Daddi's Pizza**
**Mýflug**
**Geo Travel**
**Sel-Hótel Mývatn**
**Mývatn Tours"**

## *Guðsþjónustur um hátíðarnar í Reykjahlíðar og Skútustaðasókn.*



Jóladagur 25. desember 2023
Sameiginleg hátíðarguðsþjónusta sóknanna á jólum í Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00

Nýársdagur 1.janúar 2024
Sameiginleg hátíðarguðsþjónusta sóknanna á Nýársdag verður í Skútustaðakirkju klukkan 14:00

Eftir guðsþjónustuna er öllum boðið að líta við í Prestshúsi og þiggja hjá okkur kaffisopa og með því og njóta samveru.

Gleðilega hátíð
sr. Örnólfur



## *Helgihald um jól í Grenjaðarstaðarprestakalli hinu forna*

*25. des. Hátíðamessa Einarsstöðum kl. 14:00*
*25. des. Hátíðamessa Grenjaðarstað kl. 16:00*
*26. des. Hátíðamessa Nesi kl. 14:00*
*26. des. Hátíðamessa Þóroddsstað kl. 14:00*
*Prestur í Nesi: Séra Örnólfur J. Ólafsson*

*Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.*
*Séra Þorgrímur.*


Jólaguðsþjónusta í
Lundarbrekkukirkju
með almennum safnaðarsöng
25. desember kl. 14:00
Sr. Örnólfur Jóhannes Ólafsson þjónar fyrir Altari
og Dagný Pétursdóttir organisti leiðir söfnuðinn í jólasálmunum.


Sameiginleg
Hátíðarguðsþjónusta Jólanna í
Þorgeirskirkju
25. desember kl. 16:00
Sr. Jóhanna Gísladóttir þjónar fyrir Altari
og kirkjukórinn leiðir safnaðarsöng
undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur organista

# FLUGELDAR-FLUGELDAR

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Stefáns í Mývatnssveit verður í Björgunarstöðinni, Múlavegi 2, sem hér segir:

**Föstudaginn 29. desember frá kl. 16:00-21:00**
**Laugardaginn 30. desember frá kl. 16:00-21:00**
**Sunnudaginn 31. desember frá kl. 10:00-14:00**
Upplýsingar í síma 894 5696

Einnig verður flugeldasala á þrettándanum
**6. janúar frá kl 13:00-15:00**

Minnum á Rótarskotin sem einnig er hægt að kaupa. Þau gefa af sér birkitré sem gróðursett verða á Hólasandi í samstarfi við Landgræðsluna.

## Flugeldasýning og áramótabrenna

Flugeldasýning og áramótabrenna verður í nágrenni Jarðbaðanna á gamlárskvöld kl. 21:00.

Um leið og við þökkum stuðninginn á liðnum árum, viljum við óska öllum Mývetningum og öðrum, gleðilegra og slysalausra jóla og áramóta og farsældar á nýju ári.

Með jólakveðju,
Björgunarsveitin Stefán

## *Jólakveðja*

*Kæru vinir í Fnjóskadal og Þingeyjarsveit*
*Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.*



*Í jólakortin skrifum skýr*
*skilaboð og þökkum*
*að vináttan í brjósti býr,*
*best af öllum þökkum.*
*(G.K.)*

*Með þökk fyrir öll árin*
*Jónsi og Didda frá Illugastöðum.*

## Flugeldasala Bjsv. Þingey 2023

Verður í húsi sveitarinnar Melgötu 9 eins og síðustu ár Flugeldasala Bjsv Þingey verður á sínum stað! úrvalið hefur sjaldan verið meira fullt af nýjum tertum. Heitt verður á könnunni og, allir velkomnir og hlökkum við til að sjá sem flesta.

**Við verðum klárir!**

Ætlum að hafa þann möguleika á að þið getið hringt og pantað og við tökum það til og þið getið sótt það og borgað. Erum með Posa á staðnum

**Pöntunarsímar**

**8569669 -Steinar Karl**
**8662015 -Huldar Trausti**
**8669737 -Kalli**

**Opnunartímar.**

28.Des. 17:00-21:00
29.Des. 12:00-21:00
30.Des. 12:00-22:00
31.Des. 10:00-14:00

# FLUGELDAMARKAÐUR 2023
# Hjálparsveit skáta Aðaldal

**Verður með sinn árlega flugeldamarkað í húsnæði sínu að Iðjugerði 1 (norðan við Ýdali).**

**Föstudaginn 29.des frá 14:00 til 21:30**
**Laugardaginn 30. des frá 14:00 til 21:30.**
**Lokað á Gamlársdag**

**Flugeldasímar:**
**8695776 – Arnar**
**857-7373 Rut.**

**Meira á facebook/Hjálparsveit Skáta Aðaldal**

**Okkar styrkur er ykkar hagur.**

Landsvirkjun



2023

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Við hjá Landsvirkjun þökkum góð samskipti á árinu sem er að líða. Hlökkum til að hittast uppfull af endurnýjaðri orku á nýju ári.